

13.11.2014

Til Velferðarnefndar:

Umsögn Heyrnar-og talmeinaastöðvar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, 27. mál.

Heyrnar- og talmeinaastöð Íslands fagnar hugmyndum um markvissari aðgerðaráætlun til eflingar fjarheilbrigðisþjónustu.

Stöðin hefur þegar nýtt sér netvæðingu skjólstæðinga, samstarfsaðila og heilbrigðiskerfisins til að bæta þjónustu og efla samvinnu.

1. Starfsmannafundur milli landshluta: Starfsmaður á Akureyri tekur þátt í fundum og teymisvinnu með kollegum sínum í Reykjavík í gegnum fjarfundabúnað
2. Heyrnar- og talmeinafræðingar halda fræðslufundi fyrir kennara, leikskólakennara o.fl. í gegnum netið.
3. HTÍ er með í undirbúningi færanlega heyrnarmælingastöð sem útbúin verður fartölvu, lækninga-, rannsóknar- og fjarfundabúnaði sem gerir kleift að greina og meðhöndla heyrnarskerta frá miðlægum höfuðstöðvum HTÍ.
4. Senn verður hægt að tengja heyrnartæki notenda úti á landi við tölvur og heyrnarfræðingar í Reykjavík geta stillt tækin um leið og þeir eiga fjarfund með skjólstæðingi yfir Skype eða annan búnað.
5. Starfsfólk HTÍ sækir fyrirlestra erlendra háskóla yfir netið sér til endur- og símenntunar.

Og þannig mætti áfram telja.

Tækni sem lýtur að meðferð heyrnarskertra tekur stórstígum framförum og mun eflaust gera okkur kleift að bæta „nærþjónustu“ við skjólstæðinga verulega á næstu árum. Hins vegar skortir skilning yfirvalda á þörf fyrir fjármagn til að byggja upp tækjabúnað og sérþekkingu sem fljótt mundi skila verulegum sparnaði og auknum afköstum.

Virðingarfyllt

Kristján Sverrisson

Forstjóri/Director

Heyrnar-og talmeinaastöði Íslands

The National Hearing and Speech Institute of Iceland

Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

Tel: +354 581 3855